

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.
Stella Rúnarsdóttir
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík, 8. júlí 2022
UST202206-167/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag - Miðhús 2 - Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Skeiða- og Gnúpverjahrepps er barst 16. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Miðhús 2 í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Í greinargerð kemur fram að tillagan gerir ráð fyrir sex, 2500 m² frístundalóðum. Auk þess er ein 17.950 m² sameiginleg lóð. Innan hvers byggingarreits er heimilt að byggja samtals allt að 125 m² fyrir frístundahús, geymslu/gestahús/gróðurhús eða bílskúr.

Hraun

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt kortasjá Náttúrufræðistofnunar Íslands kemur fram að svæðið sem tillagan nær til er nútímahraun sem nefnist Þjórsárhraun og fellur hraunið undir a. lið. 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Hins vegar kemur fram í greinargerð að svæðið sé tún og hefur hraunið því að mati stofnunarinnar misst verndargildi sitt.

Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á að það þarf að koma fram að kröfur um hreinsun á fráveituvatni sé í samræmi við reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur